

Mánudaginn 12. nóvember 1984.

Nr. 9/1984.

Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólafi Gunnari Grímssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1983. Var það gert að ósk ákærða, en ríkissaksóknari áfrýjaði einnig til þyngingar. Ágrip málsins barst Hæstarétti 29. mars sl.

Mál þetta er risið af atburði, sem var 5. janúar 1979 í íbúð í Reykjavík. Þar bjó Guðlaug Helga Sveinsdóttir og sambýlismaður hennar, ákærði í málinu. Að kvöldi þessa dags, þegar þau voru komin frá vinnu, kom til deilna þeirra í milli. Kom Guðlaug Helga skyndilega að ákærða, þar sem hann hafði lagst fyrir, og otaði að honum búrhnífi. Þau greina hvort með sínum hætti frá því, sem síðan gerðist. Segist ákærði hafa tekið hnifinn af Guðlaugu Helgu, en hún kveðst hafa farið frá ákærða og lagt hnifinn frá sér í öðru herbergi. Sammála eru þau hins vegar um það, að til frekari stimpinga kom og að ákærði sló konuna í andlitið. Afleiðingar þess urðu þær, að hún kjálkabrotnaði. Eru atburðir þessir raktir nánar í héraðsdómi.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás, sem refsiverð er eftir 218. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1981, 11. gr. og lög nr. 19/1940, 2. gr. Einnig ber að fallast á það með héraðsdómara, að 12. gr. laga nr. 19/1940 eigi ekki við. Refsing verður ákveðin með hliðsjón af 218. gr. a, lokaákvæði 3. mgr., sömu laga. Þykir hún hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið til þriggja ára.

Ákærði krefst sýknu af fébótakröfu Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur, en til vara lækkunar hennar. Hann mótmælir ekki kröfunni

tölulega, en reisir kröfuna um lækkun á því, að skipta beri sök, þar sem Guðlaug Helga hafi átt upptökin að átökunum.

Á það má fallast, að rétt sé að lækka fébætur til Guðlaugar Helgu af framangreindri ástæðu. Þykir eftir atvikum rétt að dæma henni samkvæmt þessu heildarbætur vegna tjóns síns 12.000.00 krónur með vöxtum, svo sem segir í dómsorði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 10.000.00 krónur.

Mál þetta var þingfest í sakadómi Reykjavíkur 25. nóvember 1980. Frá apríl 1981 og þar til í desember á sama ári var ekkert aðhafst í málinu, það séð verði, og ekki heldur frá janúar 1982 og þar til í október á sama ári. Dómur var kveðinn upp 6. desember 1982, en hann var ekki sendur embætti ríkissaksóknara fyrr en 22. nóvember 1983. Er þessi dráttur á málsmeðferð ámælisverður.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Gunnar Grímsson, sæti fangelsi 3 mánuði. Fullnustu refsingar skal frestað, og falli hún niður eftir þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur 12.000.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 5. janúar 1979 til 1. júní s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talín saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. desember 1982.

Ár 1982, mánudaginn 6. desember, er í sakadómi Reykjavíkur, sem háður er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í máli nr. 478/1982: Ákærvaldið gegn Ólafi Gunnari Grímssyni, sem tekið var til dóms. 9. f.m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 19. maí 1980, „á hendur Ólafi Gunnari Grímssyni, bifreiðastjóra, Selási 16, Reykjavík, fæddum 22. desember 1921 í Reykjavík, fyrir að hafa, föstudagskvöldið 5. janúar 1979, lagt hendur á sambýliskonu sína, Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, í íbúð þeirra í Rofabæ 43, Reykjavík, og m.a. slegið hana þungt högg í andlitið með þeim afleiðingum, að Guðlaug Helga hlaut við höggið brot á neðri kjálka beggja megin (sic), sem spengja þurfti saman í svæfingu.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Við munnlegan flutning málsins gerði ákærvaldið sömu kröfu og í ákæru, en að heimfærsla brotsins yrði undir 1. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940, eins og henni var breytt 1. október 1981.

Af hálfu kærða var þess krafist aðallega, að hann yrði sýknaður bæði af refsí- og bótakröfum, en til vara, að ákærða yrði ekki gerð refsing, sbr. niðurlag 74. gr. laga nr. 19/1940. Í báðum tilvikum var þess krafist, að málsvarnarlaun ákærða yrðu greidd úr ríkissjóði.

Í skýrslu Stefáns Þorsteinssonar lögregluþjóns segir, að kl. 23.26 föstudaginn 5. janúar 1979 hafi hann og annar starfsfélagi hans verið sendir á Borgarspítalann „til að kanna aðdraganda að meiðslum konu, sem var það stödd.“ Læknir upplýsti, að konan væri tví-kjálkabrotin og þurfti að gangast undir aðgerð af þeim sökum. Konan kvaðst heita Guðlaug Helga Sveinsdóttir, til heimilis að Rofabæ 43 hér í borg, fædd 26. september 1929. Guðlaug Helga kvaðst hafa lent í deilu við sambýlismann sinn, ákærða í málinu, sem jókst orð frá orði, þar til hún greip til brauðhnífs „og otaði að honum og hótaði að reka hann í gegn. Hún hafi síðan lagt frá sér brauðhnífinn og hann þá ráðist að henni og snúið hana niður. Síðan hafi hann barið hana í andlitið mörgum sinnum með knýttum hnefum. Að þessu loknu hafi hann hringt á sjúkrahúsið, sem flutti hana á Slysadeild-

ina.“ Lögreglan náði ekki sambandi við ákærða þrátt fyrir „nokkrar tilraunir.“

Hinn 12. janúar 1979 fór rannsóknarlögreglu maður að sjúkrahótelu Rauða krossins í Skipholti 21 að ræða við Guðlaugu Helgu samkvæmt ósk hennar. Hún tjáði lögreglumanninum, að hún vildi leggja fram kæru á hendur ákærða vegna framangreindrar líkamsárásar. Hún skýrði svo frá, að hún og ákærði hefðu farið að rífast fyrir mat og við matborðið út af matseldi og framreiðslu o.þ.h. Ákærði hefði m.a. sagt henni að ná sér sjálf í súpu, er hún bað hann að rétta sér súpu á disk. Kærandi reiddist talsvert og hefði ákærði einnig verið í æstu skapi. Hún hafði þá orð á, að „hún ætti ekki annað eftir en að stinga hann.“ Ákærði svaraði engu, stóð upp, fór fram í stofu og lagði sig á svefnbekk. Ákærði var þá í náttbuxum einum fata. Kærandi tók þá af borðinu og setti leirtauð í eldhúsvaskinn. Síðan tók kærandi brauðhníf úr eldhússkúffu og gekk með hann að svefnbekknum. Hún hélt hnífnum með báðum höndum að kvið sér, þannig að hnífblaðið vísaði niður. Stóð hún yfir ákærða og sagði eitthvað, sem hún mundi ekki, hvað var. Kærandi gekk síðan aftur fram í eldhús með hnífinn án þess að ota honum að ákærða og setti hnífinn aftur í skúffuna. Kærandi fór á ný til stofu. Þá var ákærði að læsa forstofuhurðinni. Ákærði gekk síðan að henni, snéri hana í gólfið og barði hana mikið högg í andlitið. Kærandi fann til mikils sárauka og varð kjálkinn máttlaus. Kærandi stóð aftur á fætur og ætlaði út úr íbúðinni. Ákærði réðst þá á hana „marg oft“, snéri upp á hendur hennar og höfuð og dró hana inn í svefnherbergið og sagði henni að fara að sofa. Kærandi hrópaði á hjálp og öskraði af sársauka, og inni í svefnherberginu tók hún út úr sér gerfitennurnar vegna mikils sársauka í kjálkanum. Kærandi fór aftur fram og reyndi að komast út úr íbúðinni. Ákærði varnaði henni útgöngu og barði hana aftur í andlitið. Síðan spurði ákærði kæranda, hvort hún vildi komast til læknis. Hún játaði því og spurði, hvort honum væri ekki ljóst, að hún væri mikið slösuð. Ákærði fór þá að klæða sig. Kærandi komst þá fram á gang og hitti þar Guðmund Waage, einn af íbúum fjölbýlishússins. Kærandi fór síðan aftur inn og klæddi sig, hún hefði áður aðeins verið í náttslöpp og náttkjól. Á meðan hringdi síminn. Ákærði sagði í símann, að kærandi væri upptekinn. Síðar frétti kærandi að vitnið Sjöfn Ragnarsdóttir hefði hringt. Ákærði hringdi síðan á sjúkrahúsið og fór með vitninu í henni á spítalann. Þar sagði ákærði að hún hefði orðið fyrir slysi. Kærandi sagði, að þau hefðu bæði verið alsgáð, er þetta átti sér stað. Kærandi kvaðst hafa búið með ákærða í 15 ár. Á þeim tíma hefði gengið á ýmsu og hefði ákærði „marg oft“ lagt á hana hendur og þá oftast með því að berja hana í kviðinn. Oft hefði séð á henni eftir misþyrmingarnar, en hún hefði ekki leitað læknis fyrr en nú.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni kannaðist ákærði við „að hafa lent í átökum við kæranda. Þeim hefði orðið sundurorða við matborðið, m.a. út af súpudisk. Er ákærði hafði lokið við sína súpu, lagðist hann fyrir í sófa í stofunni og horfði á fréttirnar, sem voru að byrja. Ákærði var aðeins klæddur í náttbuxur. Ákærði varð var við, að kærandi fór fram í eldhús. Síðan kom hún í stofuna og sagði honum að fara úr sófanum, sem væri sín eign. Ákærði ansaði þessu engu, en kærandi fór aftur fram í eldhús. Ákærði varð þess síðan aftur var, að kærandi var kominn að sófanum og heyrði hana segja „með skipandi tón“ viltu kaffi eða ekki kaffi?“ Ákærði leit til hennar og sá, að hún var með oddmjóan eldhúshníf í höndunum og beindi hnífsbláðinu að honum. Ákærði sagði henni, að henni væri kunnugt, að hann vildi helst ekki kaffi á kvöldin. Hún otaði þá hnífnum að ákærða, þannig að bláðsoddurinn „snerti hörundið á kviðnum á mér.“ Ákærði sá á svip kæranda, að hún var í æstu skapi, og honum kom til hugar, að hún hefði hótað, að hún ætti ekki annað eftir en að reka hann í gegn. Í því skyni að firra frekari vandræðum greip ákærði skyndilega með hægri hendi um úlnlið kæranda og snéri hnífinn úr höndum hennar. Hún féll á hnén, og ákærði tók hnífinn úr hendi hennar. Ákærði fór síðan fram í eldhús með hnífinn og lét hann í skúffuna, þar sem hann er venjulega geymdur. Kærandi hefði komið í eldhúsið og reynt að komast ofan í skúffuna, en ákærði hindraði það. Kærandi reyndi þá að hrifsa af ákærða gleraugun, eins og hún hefði áður gert í orðadeilum. Þá henti hún þeim á gólfið og braut þau. Ákærði gat vikið sér undan þannig að hún lenti með neglurnar á hálsinum á honum hægra megin og klóraði ákærða, þannig að blæddi úr. Þá sló ákærði „þéttingsfast“ frá sér flötum lófa, og lenti höggið á vinstri kinn. Kærandi féll niður á hnén, og fannst ákærða að kærandi lenti með andlitið utan í borðröndina á fasta eldhúsbordinu. Er kærandi kraup á eldhúsgólfinu, sagði hún, að hún finði mikið til í kjálkanum og væri sennilega kjálkabrotin. Ákærði hjálpaði henni á fætur, og virtist honum þá hún fá „hálf gert móðursýkiskast“, þar sem hún hljóðaði mikið. Ákærði kvaðst þá hringja á sjúkrabíl, úr því hún væri meidd. Kærandi var óróleg og vildi fara fram á gang. Ákærði kvaðst í fyrstu hafa hindrað það, þar sem hún var nakin, því sloppurinn, sem hún var í, hafði fallið af henni. En kannaðist svo við, að hún hefði komist fram, en hann sótt hana. Ákærða tókst að róa hana og hringdi á sjúkrabifreið og fór með henni á Borgarspítalann.

Ákærði kannaðist við, að Sjöfn Ragnarsdóttir hefði hringt, á meðan beðið var eftir sjúkrabifreiðinni. Ákærði kvaðst hafa sagt Sjöfn, að kærandi væri heima og kallaði til kæranda, að Sjöfn vildi tala við hana. Kærandi svaraði því til, að hún vildi ekki tala við Sjöfn og bað hann að segja, að hún væri í baði.

Ákærði óskaði að taka fram, að ósamkomulag hefði verið á milli þeirra í nokkurn tíma út af fullorðnum syni Guðlaugar Helgu, sem hún vildi taka inn á heimilið.

Kærandi og ákærði voru samprófuð af rannsóknarlögreglunni, en ekki fékkst neitt samræmi í skýrslur þeirra. Þá hafa þau bæði verið yfirheyrd í dómnum, hvort í sínu lagi og sameiginlega. Ekki náðist samræmi í framburði þeirra.

Í dómnum hefur kærandi skýrt á svipaðan hátt frá missætti við borðið og hjá rannsóknarlögreglunni að því viðbættu, að hún hafi lagt á borðið þriðja diskinn, sem hún hefði ætlað syni sínum, Jóni Ólafssyni, sem þá var heimilismaður hjá henni, er hann kæmi heim. Það vissi kærandi ekki fyrir víst. Ákærði sagði þá: „Ætlar þú að hafa hann sem brjóstmylking til þrítugs.“ Kæranda sárnaði þetta gífurlega, enda hefði ákærði haft horn í síðu barna hennar beggja hin seinni ár.

Eftir borðhaldið fór ákærði fram í stofu og lagðist þar fyrir í sófa og horfði á sjónvarpið. Ákærði var þá í náttbuxum einum fata. Í sárindum sínum yfir ummælum ákærða kvaðst kærandi hafa tekið brauðhnif úr eldhússkúffu og gengið til ákærða, þar sem hann lá í sófanum, og sagt við hann: „Nú er mælirinn fullur.“ Kærandi kvaðst hafa haldið hnífnum, á meðan fyrir ofan ákærða, án þess þó að hnífurinn snerti hann. Ákærði sagði eitthvað, sem kærandi mundi ekki, hvað var, en kærandi fór fram með hnífinn og lagði hann aftur í sömu skúffu. Rangt væri, að ákærði hefði tekið af henni hnífinn og látið hann í eldhússkúffuna.

Eftir að kærandi var búinn að láta hnífinn í skúffuna, fór hún aftur fram í stofuna. Þá veittist ákærði að kæranda. Kærandi taldi, að hann hefði slegið hana eitt gott högg og fleygt henni í gólfið oftár en einu sinni. Kærandi gaf frá sér öll möguleg mannleg hljóð og leitaði að útgöngudyrnum aftur og aftur, en ákærði varnaði henni alltaf leiðina, uns kærandi komst loksins fram og hitti þar mann, sem bjó í íbúðinni á móti.

Fram kom hjá kæranda, að ekki hefði verið hurð á milli eldhúss og stofu. Þau hefðu borðað í stofunni og ákærði hefði legið endilangur í sófa að horfa á sjónvarpið, er hún kom með hnífinn. Sófinn var ekki þvert fyrir sjónvarpsskerminn, heldur langsum, og vissu fætur ákærða að sjónvarpinu, og hnakkinn snéri að nokkru að dýraopi eldhússins. Kærandi gekk úr eldhúsinu svolítið til hægri fram hjá borðstofuborðinu, meðfram sófahliðinni, sem ákærði hafði höfuðið við, og síðan fram fyrir sófann. Kærandi gekk eðlilega, en læddist ekki.

Kærandi sagði, að ákærði eða maður, sem lá eins og hann, hafi ekki verið í aðstöðu til að fylgjast með mannaferðum úr eldhúsinu og hún hefði ekki verið að hugsa um að vinna ákærða mein, og aðspurð, hvort hún hafi ætlað að hræða hann eða ógna honum, kvaðst hún helst telja, að þetta

hafi verið gert í hugarangist og eins konar andleg uppreisn vegna þess, sem á undan var gengið þetta kvöld og áður í hinni þrúgandi sambúð.

Kærandi var spurð, hvort nokkuð hafi verið því til fyrirstöðu, að hægt hafi verið að laumast að ákærða, ef hún hafi haft illt í huga. Þá sagði hún orðrétt: „Mér hefði aldrei dottið í hug að vinna manningum tjón á þennan hátt.“ Kærandi fór upp á Borgarspítala á milli kl. 20.00 og 21.00 og því hljóti að vera um misskilning að ræða í læknisvottorði frá 11/4 1979 um, að það hafi dregist í 10 klst.

Kærandi kvaðst hafa farið af Rauðakrossheimilinu eins og í læknisvottorðinu greindi og farið í íbúðina að Sogavegi 196, sem hún hafði útvegá sér. Kærandi hafði fótaferð allan tímann, sem hún var á Rauðakrossheimilinu, en var með festingarnar og því aðeins nærst á fljótandi fæðu. Kærandi kvaðst hafa verið mjög langt niðri andlega, á meðan hún dvaldi á heimilinu, en hafi þó getað sofið með svefnlyfjum. Vitnið kvaðst hafa haft þrautir í báðum kjálkum, einkum neðri kjálkum, og vitnið átti mjög erfitt með að kyngja. Þá átti vitnið erfitt með að vera ein, er sambýliskona á stofu var fjarstödd. Þá tók vitnið fram, að það hafi verið með höfuðveiki (migreni) í ein 15 ár og haft við henni meðul. Vitnið sagði, að þessi höfuðveiki aukist við spennu og hafi það einnig sagt til sín.

Vitnið kvaðst ekki vera orðið jafngott af áverkunum (10.04.81), sagði, að eftirköstin lýstu sér í því, að hún væri miklu orkuminni við vinnu og er líða taki á vinnudag, finni hún til pirrings á áverkastöðum og dofa og sé eins og neðrivörin sé laus frá, þar eð tilfinningu vantar. Þá sagði vitnið, að munnvatnsrennslið væri óeðlilegt, einkum á morgnana.

Aðspurt, hvort vitnið hafi verið frekar undir læknishendi en fram kemur í framlögðum vottorðum, sagði vitnið, að svo væri ekki með þeirri undantekningu, að hún hafi leitað til heimilislæknis síns, Jóns Hjaltalíns Gunnarssonar, sem hafi fylgst með líðan sinni og gefið sér svefnlyf (mogadon).

Einnig taldi vitnið meðal eftirkasta, að það fyndi mjög til í kjálkunum í kulda og frosti. Einnig tók vitnið fram, að það þurfi að bera óeðlilega oft á varirnar vegna varapurrks. Það gerði vitnið með venjulegum varalit.

Fyrir meiðsli sín kveðst vitnið hafa verið í fullu starfi hjá félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar við að fara á heimili aldraðra og sjúkra þeim til umönnunar og hjálpar við heimilisstörf.

Vitnið kvaðst hafa fengið greitt kaup í 6 vikur hjá félagsmásstofnuninni, eftir að hún varð óvinnufær. Vitnið kveðst ekki muna, hvenær það byrjaði að vinna aftur, en minnti fastlega, að það hafi farið of skarpt af stað.

Í dóminum hefur ákærði sagt það rangt hjá kæranda, að hún hafi sjálf farið með hnífinn fram eldhús, eftir að hún otaði honum að ákærða, þar sem hann lá nakinn að ofan í sófanum og var að horfa á sjónvarpið, því hann hefði tekið hnífinn af henni í stofunni með því að snúa hana niður

í mjúkan sófann, án þess að um nokkra barsmið væri að ræða. Síðan fór ákærði með hnífinn fram í eldhús og lét hann í skúffu, þar sem hann var venjulega geymdur. Kærandi reyndi þá að komast í skúffuna og reyndi um leið að nota „gamalt bragð“, sem hún hafði beitt áður, þ.e. að þrifa af ákærða gleraugun, eins og hún hafði gert einu sinni áður og brotið þau, en þetta mistókst. Þá kvaðst ákærði hafa slegið kæranda þéttingsfast með flötum lófanum og féll hún þá undan högginu á fast eldhúsborð. Þá gaf hún í skyn, að hún hefði meiðst. Bauðst þá ákærði til að kalla til sjúkrabíl, en ákærða virtist hún hafa lítinn áhuga á því, var eins og að hún fengi móðursýkiskast og hefði mestan áhuga á að láta heyrast sem mest í sér.

Ákærði neitar því aðfráttarlaust að hafa slegið konuna nema ofangreint eitt högg, en hins vegar hafi hann varnað henni að fara fram, þar sem hún var nakin og hefði hann ekki getað hringt, þar sem hún sótti svo mjög að fara fram. Ákærði kvaðst aðeins hafa gert það með þeim hætti að fara fram að hurðinni og standa í vegi fyrir henni án þess að leggja á hana hendur. Ákærði kvaðst hafa hjá rannsóknarlögreglunni skýrt satt og rétt frá atvikum.

Ákærði bar, að undir það síðasta hafi framkoma konunnar breyst og hann hafi haft það á tilfinningunni, að hún vildi slíta sambandi þeirra, sem hefði staðið í ein 15 ár. Hún hafi átt það til að hverfa og meira að segja einu sinni fimm sólarhringa. Ákærði sagði, að ekki hafi verið um að ræða að konan væri í drykkjuskap þótt fyrir kæmi, að af henni væri vínlykt, þegar hún kom heim, eins og hann hélt umrætt kvöld.

Ákærði sagði, að ekki hefði verið til að dreifa, að konan hafi verið erfið í sambúð, en ef hún reiddist, þá reiddist hún illa. Ákærði bar, að sér hafi fundist konan undir það síðasta ekki verið í eins góðu jafnvægi og áður, og lét sér detta í hug, að það væri vegna þess, að hún væri „á breytinga-skeiðinu.“

Að gefnu tilefni vegna niðurlags í lögregluskýrslu kvaðst ákærði hafa farið heim að Rofabæ 43 frá slysadeildinni og hann hafi ekki orðið var við neinar tilraunir lögreglunnar til að hafa samband við sig. Hins vegar varð hann var við, að sonur konunnar kom við annan mann og reyndi að komast inn í íbúðina með lykli, en til að firra vandræðum hafi hann ekki hleypt þeim inn.

Ákærði kvaðst ekki geta fallist á framkomna bótakröfu eða á bótaskyldu, þótt hins vegar það kæmi til greina, „úr því að svona illa tókst til, að ganga eitthvað á mótis við konuna á samningsgrundvelli.“

Við samprófunina í dómunun tókst ekki að fá samræmi í það, hvort ákærði kom heim á undan kæranda umrætt kvöld. Ákærði hafði frá upphafi haldið því fram, en kærandi, að hún hefði komi heim á undan og verið í baði, er ákærði kom heim.

Ákærði bar, að sófinn, sem hann lá í, í stofunni, er hann var að horfa á sjónvarpið, hafi staðið upp við vegg og hafi bakið snúið að veggnum. Ákærði kvaðst hafa legið endilangur í sófanum og sjónvarpið hafi verið beint fyrir framan hann. Til að komast að ákærða, þar sem hann lá, úr eldhúsinu, þurfti að ganga þvert yfir alla stofuna. Vitnið Guðlaug Helga bar, að lýsing ákærða á staðsetningu sófans væri rétt, en sagði þó bakhlíð sófans hafa snúið út að glugga.

Vitnið hélt fast við, að það hafi sjálf farið með hnífinn aftur inn í eldhús og látið hann þar í skúffu, og ákærði við, að hann hafi gripið um úlnlið vitnisins, um leið og hann hálfreis upp, og seig hún þá í sófann, og náði ákærði hnífnum úr hendi hennar. Ákærði sagði þá af og frá, að hún hafi meiðst. Ákærði kvaðst síðan hafa farið með hnífinn fram í eldhús og látið hann þar í skúffu, enda hafi hann aðeins haft áhuga á að sjá fréttirnar í sjónvarpinu. Ákærði hélt síðan fast við það, sem á að hafa skeð við eldhússkúffuna, og það var þá sem hann veitti henni þung högg með flötum lófanum.

Vitnið hélt fast við, að það hafi verið í stofunni sem ákærði veittist að henni, eftir að hún hafði sjálf sett hnífinn í eldhússkúffuna.

Ákærði kvaðst vilja taka fram, að hann teldi, að vitnið rugli saman því, að hann hafi reynt að hindra hana, eftir að hann sló hana, í því að fara nakta fram á gang með því að standa við dyrnar og því að hafa lagt hendur á hana, eftir að hann sá, að hún meiddist í eldhúsinu. Vitnið sagði, að hún hafi verið í slopp, er hún reyndi að fara fram, og hélt fast við, að ákærði hafi slegið sig í stofunni. Ákærði sagði, að vitnið hafi verið í slopp, er hún var með hnífinn, og hann muni hafa fallið af henni í sviptingunum í elshúsinu.

Ákærði kvaðst ekki hafa veitt vitninu athygli er hún kom gangandi frá eldhúsinu með hnífinn í hendinni. Hann hafi ekki orðið var við hana, fyrr en hún var komin fast að sér og hafi reyndar haldið að hún væri í eldhúsinu. Ákærði bar, að vitnið hafi ekki lagt beint til sín með hnífnum. Hún hafi haldið utan um skaftið með báðum höndum og hnífsoddurinn hafi numið við hörundið.

Ákærði bar, að vitnið hafi ekki verið með hnífinn í höndunum, er hann sló það í eldhúsinu, enda hafi það ekki haft tækifæri til þess. Hins vegar reyndi vitnið að taka af ákærða gleraugun.

Vitnið Sjöfn Ragnarsdóttir húsmóðir, Hásteinsvegi 64, Vestmannaeyjum, (áður Frostaskjólí 14, Reykjavík), fædd 25. apríl 1947 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hún hafi hringt í móðursystur sína, Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, á tímabilinu kl. 20.00-21.00 föstudagskvöldið 5. janúar. Ákærði svaraði í símann. Vitnið spurði um frænku sína. Vitnið bar hjá lögreglu, að ákærði hafi ekki svarað því, en í sakadómi Vestmannaeyja, að hann

hafi sagt sér að bíða. Eftir bið sagði ákærði Gulaugu Helgu vera í baði og hún gæti ekki komið í símann. Ekki heyrði vitnið ákærða tala við neinn, á meðan það beið í símanum.

Vitnið Guðmundur Magnússon Waage prentmyndasmiður, Rofabæ 43, fæddur 17. nóvember 1940 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að íbúð sín væri beint á móti íbúðinni, sem kærði og ákærði bjuggu í, eða vinstra megin, þegar gengið er upp. Í íbúðinni á milli bjuggu vitnin Ólöf Einarsdóttir og Hannes Haraldsson. Vitnið Þorsteinn Helgason hefði komið niður til vitnisins og spurði, hvort það hefði ekki orðið vart við „lætin“ í íbúðinni á móti. Þorsteinn sagði mikil læti hafa verið í íbúðinni, og skildist vitninu á honum, að þar hefðu verið einhver átök. Vitnið hafði ekki heyrt neitt, enda var sjónvarpið hátt stillt. Vitnið opnaði forstofudyr sínar til að kanna, hvort hann heyrði eitthvað. Í því kom Guðlaug Helga fram á gang. Klædd í síðbuxur og brjóstahaldara. Hún kom strax til vitnisins og spurði, hvort að vildi vera til vitnis um það, sem á hefði gengið. Vitni kvaðst ekkert hafa heyrt. Þá sagðist konan halda, að hún væri kjálkabrotin. Konan fór síðan inn í sína íbúð og lokaði hurðinni. Ekki sá vitnið sambýlismann hennar. Vitnið veitti því athygli nokkru seinna, að Guðlaug Helga fór út í sjúkrahúsið og einhver maður með henni, sambýlismaður hennar að því er vitnið hélt.

Vitnið Þorsteinn Helgi Helgason öryrki, Rofabæ 43, fæddur 14. júlí 1925 á Ísafirði, hefur borið, að það búi á 3., eða efstu, hæð hússins, en Guðlaug Helga hafi verið á 2. hæð. Þrjár íbúðir séu á hvorri hæð, en á 1. hæð aðeins 2 íbúðir. Vitnið byggi í miðíbúð, en Guðlaug Helga bjó í íbúðinni til hægri á sinni hæð. Vitnið var á leið niður stigann, er það heyrði hávaða úr íbúð Guðlaugar Helgu. Þá heyrði vitnið kvenmannsrödd kalla eitthvað á þá leið „hættu þessu, hættu þessu“ og svo „ég finn svo til“. Voru þetta sársaukahljóð, og heyrði vitnið, að þarna var eitthvað ósætti. Vitnið fór síðan upp til sín og svo aftur niður til vitnisins Guðmundar.

Vitnið Ólöf Einarsdóttir húsmóðir, Skarðshlíð 16 F, Akureyri, (áður Rofabæ 43, Reykjavík), fædd 3. júlí 1960 hefur skýrt svo frá, að hún hafi búið við hliðina á Guðlaugu Helgu. Vitnið var statt ásamt unnusta sínum, Hannesi Haraldssyni, í íbúð þeirra að Rofabæ 43, er þau heyrðu hróp og köll frá íbúð Guðlaugar Helgu. Vitnið heyrði strax, að það var kvenmaður, sem hrópaði, og fannst vitninu eins og verið væri að leggja hendur á hana. Vitnið fór fram á stigagang, og var greinilegt, að hrópin komu frá íbúð Guðlaugar Helgu. Vitnið heyrði, að hún „öskraði“ Óli, og einnig heyrði vitnið hana veina „æi, æi,“ og fannst vitninu þá vera nokkuð dregið af henni. Hrópin og öskrin stóðu nokkurn tíma, og taldi vitnið, að það hefði verið í um 10-15 mínútur. Vitnið óskaði að taka það fram, að það hafði það á tilfinningunni, að verið væri að misþyrma konunni, þar sem hljóðin

frá henni virkuðu á sig eins og sársaukavein. Ekki heyrði vitnið annan hávaða frá íbúðinni. Er sjúkraliðsmenn komu nokkru seinna með sjúkrabörur, sagði sambýlismaður Guðlaugar Helgu, að ekki þyrfti börur.

Vitnið Hannes Haraldsson bifvélavirki, Skarðshlíð 16 F, Akureyri, (áður Rofabæ 43, Reykjavík), fæddur 1. ágúst 1958, hefur skýrt svo frá, að hann hafi heyrt hróp, sem voru greinilega frá kvenmanni, og urðu ópin sífelld háværi og samfelldari. Vitnið hreyrði, að hrópin komu frá íbúð við hliðina á sinni íbúð, en mundi ekki nöfn íbúanna þar. Vitninu fannst þessi hljóð vera sársaukavein, sérstaklega þegar þau voru búin að vera nokkurn tíma, en vitnið heyrði þau í um 10-15 mínútur. Vitnið heyrði konuna hrópa inn á milli: „Ég skal gera það, ég skal gera það.“ Vitnið heyrði ekki annan hávaða frá íbúðinni og ekki í neinni annarri manneskju. Vitnið fór ekki fram, einungis unnusta þess.

Vitnið Ellen Helgadóttir, húsmóðir og skrifstofumaður, Rofabæ 43, fædd 27. júní 1942 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að það búi í íbúðinni fyrir ofan íbúðina, sem Guðlaug Helga bjó í. Vitnið heyrði þetta kvöld einhvern hávaða eða sársaukahljóð, er það var stutt í stofu sinni. Vitninu fannst hljóðin koma frá húsagarðinum. Vitnið fór þá í austara herbergið að norðanverðu í íbúðinni. Er vitnið kom út í gluggann þar, heyrði það, að hljóðin komu frá næstu íbúð fyrir neðan, en þar bjó Guðlaug Helga. Vitnið heyrði, að sagt var eitthvað á þessa leið: „Hættu þessu Óli, æ farðu, láttu mig í friði“. Vitninu fannst röddin gefa til kynna karlmann, og hélt vitni, að þetta væri sonur Guðlaugar Helgu og hann væri undir áfengisáhrifum og vildi fá að vera í friði. Vitnið heyrði hljóðin í um 10-15 mínútur. Þá fór vitnið fram og hitti aðra íbúa í húsinu. Rætt var um, hvort rétt væri að grípa inn í, en hætt var við það, þar sem hljóðin hættu.

Í málinu hafa verið lögð fram tvö læknavottorð um áverka Guðlaugar Helgu. Hið fyrra (1.) frá Borgarspítalanum, háls-, nef- og eyrnadeild, dagsett 11.04.79, undirritað af Jóni Viðari Arnórssyni tannlækni. Hið síðara (2.), dagsett 1. apríl 1981, frá sama tannlækni. Vottorðin eru svohljóðandi: 1. „Sjúklingur var að eigin sögn, slegin á kjálkann af sambýlismanni sínum, að kvöldi 05.01.79. Sjúklingur kom á Slysadeild Borgarspítalans 06.01.79, u.þ.b. 10 klukkustundum eftir áverkann og var þá að lokinni rannsókn lögð inn á háls-, nef- og eyrnadeild til aðgerðar.

Skoðun: Það er talsverð bólga yfir neðri kjálka og mar á höku beggja megin, eins er mar og bólga inni í munni, á jaxlasvæði í báðum hliðum og undir tungu. Sjúklingur er dofinn í neðri vör. Hakan er laus og greinilega brotin frá öðrum hluta kjálkans.

Röntgenrannsókn sýnir, brot í gegnum miðjan neðri kjálkann, í báðum hliðum og er þó nokkuð úr lagi fært.

Aðrir áverkar voru ekki greindir.

Meðferð: Gert var að kjálkabrotum í svæfingu 06.01.79 og sjúkl. útskrifaður af Borgarspítalanum 11.01.79 og hafði þá heilsast vel eftir aðgerð.

Spengja þurfti kjálkann þannig að hann hreyfðist ekki eftir aðgerðina, á meðan hann væri að gróa. Og gert var ráð fyrir að sjúklingur þyrfti að hafa þessa festingar í allt að 6 vikur. Henni var ráðlagt frá því að vinna við líkamlega vinnu þann tíma og útvegað pláss á Rauða-Kross-heimilinu, þar sem hún dvaldi til lok febrúar 1979.

Brotið hefur gróið vel og eðlilega og kemur ekki til með að valda útlitslýti hjá sjúkling, en hún er enn með tilfinningalausna neðri vör vegna skemmda á taugum, sem um kjálkann liggja.

Óvíst er um fullan bata hvað þetta snertir.“

2. „Varðandi Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, fædd 26/9 '29. Samkvæmt sjúkraskýrslum varð Helga fyrir líkamsárás 5. janúar 1979, og var lögð inn á Borgarspítalann þennan sama dag. Við rannsókn kom í ljós að Helga var tvíbrotin á neðri-kjálka, á jaxlasvæði vinstra megin og á augntannarsvæði hægra megin. Bæði brotin voru mjög laus og úr réttari legu. Kjálkinn var tannlaus og auk þess rýr undan langri notkun gervitanna og því veikari fyrir en ella. Skurðaðgerð var framkvæmd í svæfingu 6/1 '79 og brotum komið fyrir í rétta legu. Brotin höfðust vel við í fyrstu, svo unnt reyndist að fjarlægja allar festingar sem notaðar voru í munnum 22/2 '79.

Þann 20/4 '79 kom Helga til mín bólgin vinstra megin, en sú bólga hjaðnaði og hvarf við lyfjameðferð. Síðan hefur ekki orðið vart aukaverkana.

Við það að neðri kjálkinn brotnaði, rifnuðu skyntaugar, sem liggja eftir honum og senda greinar til neðri vararinnar. Þess vegna var Helga í fyrstu alveg dofin í neðri vör, en eftir því sem á leið lagaðist þetta að því marki að í dag 1. apríl '81 er hægri helmingur vararinnar með því næst eðlilega skynjun, en vinstri helmingur aðeins að hluta. Óvíst er hvort vörin nái nokkurntíma eðlilegri tilfinningu. Útlitslega er ekkert óeðlilegt að sjá, en Helga segir dofann í vörinni há sér t.d. við að drekka úr bolla og eins sé vörin óeðlilega „þurr“. Að öðru leyti er ekkert óeðlilegt að finna, en á samtölum við Helgu er ljóst að þessi meðslí og það, sem þeim fylgdu hafa haft slæm „andleg“ áhrif á hana.“

Mikið ber á milli ákærða og kæranda, eins og rakið hefur verið, um, hvað þeirra fór í milli. Ákærði hefur þó ekki dregið í efa, að áverkar kæranda megi til athafna hans rekja, þótt hann sjálfur haldi því fram, að hann sé vítalaus af þeim. Þegar hinir alvarlegu áverkar eru hafðir í huga og framburðir sambýlisfólks kæranda verður að telja framburð ákærða firm mikil, sem taka verður með mikilli varúð, en framburð kæranda trúverðugan. Framburðir vitnanna benda til, að átök hafi átt sér stað og þau hafi staðið lengur en ákærði vildi vera láta, eða í um 10-15 mínútur. Með vísan til þessara gagna er það skoðun dómsins, að sannað sé, að ákærði hefur

lagt hendur á kæranda á þann hátt sem í ákæru greinir. Samkvæmt læknisvottorðum urður meidsli hennar slík, að háttsemi ákærða, sem er rétt lýst í ákæru, varðar við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Jafnframt ber að hafa í huga, að framferði kæranda var afleitt, fyrst tal við matborðið um, að hún ætti bara eftir að stinga ákærða, og síðan í nokkuð beinu framhaldi gáleysilega og stórvítaverða meðferð hennar með hnifinn, er ákærði lá fyrir.

Ekki er þó ástæða til að ætla, að hún hafi í reynd ætlað að vinna honum mein, sem henni hefði verið auðvelt, þar sem ákærði veitti henni ekki athygli, fyrr en hún stóð yfir honum. Samt verður að telja nokkuð skiljanlegt, að viðbrögð ákærða hafi verið nokkuð skörp, þótt hann hafi farið langt út fyrir þau mörk, sem lögleg og afsakanleg mega teljast. Ljóst er af öllum málavöxtum, að ákærði átti alls kostar við konuna, og honum hefur engin hættu stafað af henni, eftir að hún var hníflaus. Því hafnar dómurinn með öllu, að verknaðurinn hafi verið ákærða refsilaus samkvæmt 12. gr. laga nr. 19, 1940 um neyðarvörn. Ekki eru heldur efni til að láta refsingu falla niður að öllu leyti samkvæmt niðurlagi 74. gr., sbr. 1. tölulið sömu laga. Hins vegar verður að telja, þegar atvik öll eru virt, að atferli ákærða sé ekki eins refsivert og ella hefði orðið.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér greinir:

Með vísan til framangreinds þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 1 mánuð og sekt að fjárhæð 7.500 krónur til ríkissjóðs. Fullnustu refsivistarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnu 1 ári, haldi ákærði almennt skilorð og hið sérstaka bótaskilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Greiði ákærði ekki sektina innan 4 vikna, kemur í hennar stað 15 daga varðhald.

Örn Höskuldsson héraðsdómslögmaður hefur gert þá kröfu fyrir hönd Guðlaugar Helgu Sveinsdóttur, að ákærði greiði henni í skaðabætur kr. 19.906.90. Er krafan sundurliðuð þannig:

A. Útlagður kostnaður.

1. Læknisvottorð (Mat)	63.00	
2. Tannmeðferð	150.00	
3. Greiðsla upp í aðgerð	70.00	
4. Endursmíði góma	3.559.40	
5. Skoðun og myndataka	125.00	kr. 3.967.40

B. Atvinnutekjutap í 6 vikur

— 2.910.00

C. Miski

— 11.000.00

D. Kostnaður vegna aðstoðar lögmans

— 2.029.50

Samtals kr. 19.906.50

Lagðir hafa verið fram reikningar fyrir liðum A 1. til A 5. Þeim hefur eigi verið mótmælt tölulega. Þessir liðir verða því teknir til greina að fullu.

Lagt hefur verið fram vottorð frá heimilisþjónustu félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar um, að Helga hafi hafið störf að nýju 2. apríl 1979. Guðlaug Helga vann 40 tíma í viku hjá stofnuninni. Kröfulið þessum er stillt í hóf og verður tekinn til greina að fullu. Fram kemur í málinu, að kærandi fékk laun í 6 vikur eftir árásina og þessi liður sé fyrir næstu 6 vikur þar á eftir.

Þegar hinir miklu áverkar Guðlaugar Helgu eru virtir og hve lengi hún hafði óþægindi af þeim, og ekki er reyndar enn séð fyrir um lok þeirra, telst fégjald samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga vera hæfilega metið kr. 8.000.-.

Þar sem krafan er höfð uppi og dæmd í opinberu máli, verður ekki dæmt um lögmansþóknun.

Ákærði dæmist því til að greiða Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, Suðurhólum 26, Reykjavík, kr. 3.967.40 + 2.190.00 + 8.000.00, samtals kr. 14.877.40 með vöxtum, sem ákveðast eins og krafist er, 19% ársvextir frá 5. janúar 1979, til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu á sakarkostnaði málsins, m.a. á saksóknarlaunum til ríkissjóðs að fjárhæð 4.000 krónur, en málið flutti af hálfu ákæruvalds Jónatan Sveinsson saksóknari, og málsvarnarlaunum til Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns að fjárhæð 6.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Gunnar Grímsson, sæti fangelsi í 1 mánuð og greiði sekt að fjárhæð 7.500 krónur til ríkissjóðs.

Fullnustu refsivistarinnar skal fresta og fellur hún niður að liðnu 1 ári, haldi ákærði almennt skilorð og hið sérstaka bótaskilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Greiði ákærði ekki sektina innan 4 vikna, kemur í hennar stað 15 daga varðhald.

Ákærði greiði Guðlaugu Helgu Sveinsdóttur, Suðurhólum 26, Reykjavík, kr. 14.877.40 með vöxtum, sem ákveðast: 19% ársvextir frá 5. janúar 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979. 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. saksóknarlaun til ríkissjóðs að

fjárhæð 4.000 krónur, og málsvarnarlaun Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns að fjárhæð 6.000 krónur.

Mánudaginn 12. nóvember 1984.

Nr. 121/1983. **Baldur h/f**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Ólafi Magnússyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Kaupgjaldsmál. Sjómannalög. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1983. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að málskostnaður verði felldur niður, ef meginkröfur stefnda verða teknar til greina.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi, hlaut stefndi meiðsl þau, sem í málinu greinir, er hann æfði tök á svifdreka með því að hlaupa með drekann niður aflíðandi brekku. Ber að fallast á það með héraðsdómi, að þessi atvik að meiðslum stefnda séu eigi slík, að stefndi verði talinn hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 6. málsg. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, sbr. 1. gr. laga nr. 49/1980. Þarf þá ekki að taka afstöðu til þess, hvernig líta bæri á iðkun eiginlegs svifdrekaflugs frá sjónarmiði nefnds ákvæðis. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.